

ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS
16.05.2021 (#3 2021-2022)

Stjórnarfundur er haldinn á Zoom

Mættir eru **Hákon Hrafn Sigurðsson, Valerie Maier, Ingi Poulsen**, sem jafnframt ritar fundargerð, **Jón Ágúst Gunnlaugsson, Guðbjörg Jónsdóttir, Sædís Jónsdóttir og Rún Friðriksdóttir**

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

2. Unglingaþríþraut – keppnir framundan

Fyrir liggur að starfsmaður unglungaþríþrautar hefur horfið til annarra starfa. Fram fer umræða um unglungaþríþrautarstarf í sumar. Mikil ánægja var með Kópavogsprautina en mæting á æfingar hjá ungliðum mætti vera betri. Framundan eru heimsóknir í skóla og er stjórn sammála um að mikilvægt sé að halda áfram að styðja við starfið og byggja það upp.

3. Dómaramál

Fram fer umræða um dómaramámskeið sem er á dagskrá þann 28. maí næstkomandi. Upplýst er um fyrirkomulag og mögulegan kostnað.

Fram fer umræða um fyrirkomulag á dómgæslu á þríþrautarkeppni sem haldin verður á Akureyri þann 24. júlí næstkomandi. Ljóst er að kostnaður við dómgæslu verður hærri en allajafna og rétt að sambandið komi til móts við þá sem taka að sér dómgæslu, svo sem með því að greiða fyrir ferðalag og mögulega gistingu. Ákveðið að kanna gistimöguleika á vegum ÍSÍ og mótshaldara og ræða við dómara um fyrirkomulag.

4. Kjós, skipulagning

Fram fer umræða um skipulagningu þrautarinnar í Kjós. Rætt um kostnaðarskiptingu og mikilvægt að mótsgjöldin standi undir kostnaði og þeim skipt til þeirra sem annast mótið. Hákon Jónsson er beðinn um að taka saman kostnað og starfsmannafjölda síðustu þrautar. Ákveðið að auglýsa eftir mótsstjóra.

5. Aldurshópar heimsmeistaramót í Edmonton, skipulagning og búningar

Sædís fer yfir fyrirkomulag aldurshópa-keppni í Edmonton. Sambandið hefur að jafnaði verið að senda 10-12 manna lið sem hefur þá keppt fyrir hönd Íslands. Mótið verður 17-22 ágúst næstkomandi. Gerð var könnun á meðal íþróttamanna og hafa 11-12 aðilar lýst yfir áhuga og er búið að ræða við þá aðila. Ákveðið að setja eina opinbera auglýsingu á vefinn um keppnina en kostnaður við hana greiðist af keppendum sjálfum.

6. Fréttir af Guðlaugu Eddu

Búið er að samþykkja nýjan búning og Guðlaug Edda er komin með hann í hendur. Rætt um komandi keppnir og fyrirkomulag í tengslum við þær.

7. Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá.

Fundi slitið klukkan 19:20